

Föstudaginn 18. desember 1992.

Nr. 38/1990.

Jóhanna Tryggvadóttir

f. h. Heilsuræktarinnar

gegn

Leikfélagi Reykjavíkur,

Minningarsjóði samkvæmt skipulagsskrá

505/1980,

Minningarsjóði samkvæmt skipulagsskrá

506/1980,

fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs

vegna Listasafns Íslands,

Landsbanka Íslands,

tollstjóranum í Reykjavík,

Glæsibæ sf.,

Húsfélaginu Glæsibæ,

Verkakvennafélaginu Framsókn,

Rafmagnsveitu Reykjavíkur,

Litaveri,

Lífeyrissjóði verslunarmanna,

Gjaldheimtunni í Reykjavík og

sýslumanninum í Reykjavík.

Kærumál. Nauðungaruppboð. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 29. janúar 1990. Áfrýjað var úrskurði uppboðsréttar Reykjavíkur 9. janúar 1990 og jafnframt öðru og síðara nauðungaruppboði, sem fram fór sama dag, á hluta fasteignarinnar nr. 74 við Álfheima í Reykjavík. Með áfrýjunarstefnu 5. mars 1990 skaut sóknaraðili til Hæstaréttar úrskurði uppboðsréttar Reykjavíkur 5. febrúar sama ár og jafnframt þriðja og síðasta nauðungaruppboði, sem fram fór sama dag á framangreindri eign. Fyrir Hæstarétti hafa mál þessi verið sameinuð.

Í báðum stefnunum kvaðst sóknaraðili gera þær kröfur, „að

hinum áfrýjaða úrskurði verði með eða án ómerkingar og heimvísunar og með eða án nýrra gagna, varna, málsástæðna eða krafna hrundið og breytt á þá leið, að synjað verði um framgang hins umbeðna uppboðs og allar kröfur hans og mótmæli við uppboðinu fyrir uppboðsréttinum verði tekin til greina“. Þá krafðist hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt 4. mgr. 97. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu sætir málið meðferð kærumála fyrir Hæstarétti eftir 1. júlí 1992. Með bréfi Hæstaréttar 24. júní sl. var aðilum málsins gefinn kostur á að skila greinargerð í málinu. Ágrip skjala málsins hafa borist Hæstarétti ásamt kröfugerð sóknaraðila.

Sóknaraðili hefur ekki tilgreint þær ástæður, sem hún reisir kæru sína á, sbr. c-lið 1. mgr. 145. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Þar sem sóknaraðili hefur ekki bætt úr því þrátt fyrir ítrekaðar ábendingar og fresti, verður ekki hjá því komist að vísa máli þessu frá Hæstarétti, sbr. 2. mgr. 149. gr. sömu laga.

Varnaraðilar Leikfélag Reykjavíkur, Minningarsjóðir samkvæmt skipulagsskrám 505/1980 og 506/1980, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs vegna Listasafns Íslands, Landsbanki Íslands, tollstjórinn í Reykjavík, Húsfélagið Glæsibæ og Gjaldheimtan í Reykjavík hafa sent Hæstarétti athugasemdir sínar og krafist kærumálskostnaðar.

Rétt þykir að dæma sóknaraðila til að greiða varnaraðilum kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Sóknaraðili, Jóhanna Tryggvadóttir f. h. Heilsuræktarinnar, greiði varnaraðilum Leikfélagi Reykjavíkur, Minningarsjóði samkvæmt skipulagsskrá 505/1980, Minningarsjóði samkvæmt skipulagsskrá 506/1980, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs vegna Listasafns Íslands, Landsbanka Íslands, tollstjóranum í Reykjavík, Húsfélaginu Glæsibæ og Gjaldheimtunni í Reykjavík 20.000 krónur hverjum í kærumálskostnað.